

Sögur kvenna í iðngreiðum

1. Í vinnustaðapartý:

Einn um 20 árum eldri en ég og giftur rennir hendinni undir pilsíð upp lærið á mér. Ég ýti henni ákveðið frá mér og hunsaði þetta og lét eins og ekkert sé eins og venjulegu rassaklípingar og pot sem maður átti til að fá.

Skrapp á klósettið seinna um kvöldið sem var aðeins frá partýinu þar situr hann um mig rétt hjá og ýtir mér og þrýstir mig upp við vegg og rekur tungunni uppí mig og grípur um klofið á mér, heldur mér fast og segir hvað honum langar að ríða mér

Ég náði að ýta mér frá. En fór fljótlega heim og dauðkveið fyrir að fara að vinna aftur með þessum manni en hann lét eins og ekkert sé og ég sagði aldrei neitt.

2. Ég var að vinna í nýbyggingu í nokkra mánuði. Mér fannst það mjög gaman. Þetta var mjög óþrifaleg vinna og flest allir skiptu um föt á staðnum nema kannski þeir sem voru á vinnubíl. En aðstaðan sem við höfðum var bara litill gámur, þar sem við geymdum verfarei, vinnuföt og var líka kaffistofa. Mér fannst alls ekki skemmtilegt að þurfa að skipta um föt fyrir framan alla kallana og vera mæld út. Ég vildi ekki “tuða” um aðbúnaðinn, því þá vissi ég að ég yrði tekin úr verkinu. Þess í stað reyndi ég að koma fyrst og fara síðust.

3. Vann hjá mjög stóru og góðu fyrirtæki í tæp 4 ár. Vinnan var rosalega skemmtileg og áhugaverð en sama var ekki hægt að segja um mórallinn sem mætti mér. Þó margir tóku

mér vel þá voru það nokkrir sem höfðu yndi á vera leiðinlegir við einu stelpuna og ég fékk vel að finna fyrir því í gegnum árin.

Einn sagði við mig þegar ég var nýbyrjuð að hann væri að bíða spenntur eftir að ég myndi gera mistök svo hann gæti gert grín af mér.

Yfir árin fékk ég setningar eins og:

„Ég hef engan áhuga hvað þú hefur að segja tussan þín“

„það er ekkert gagn af þér því þú vinnur ekki yfirvinnu“ (Mörg börn á heimili)

Þetta er bara brot af því sem var sagt við mig.

Fann það þegar ég hætti hversu mikil léttir andlega það var þegar ég hætti.

4. Þegar ég hóf störf hjá stóru fyrirtæki fékk ég laun samkvæmt kjarasamningi míns fagfélags. Fljótlega voru gerðir nýjir samningar og þá uppgötvaði ég að karlarnir voru allir á mun hærra kaupum en ég, líka þeir ófaglærðu. Ég var ekki sátt og hafði samband við stéttarfélagið mitt, formaðurinn sem þá var og er enn varð fyrir svörum. Hans útskýringar voru einfaldar, eingöngu lélegir fagmenn fengju borgað samkvæmt kjarasamningi!

Fljótlega dreif ég mig í að taka meistarréttindi og hækkaði þá um tugi þúsunda í launum, vinnufélagarnir sögðust ekki þurfa þau réttindi....þeir voru löngu komnir á launin.

Allan tímann sem ég vann hjá þessu fyrirtæki voru bandararar og umtal um konur niðrandi, dag einn var ég með banana

með mér í nesti. Ég hafði merkt hann og yfirmaðurinn kom labbandi, greip bananann og varð verulega vonsvikinn þegar hann sá nafnið mitt. Sagði við mig að hann hefði verið að spá í að skrifa nöfn þeirra strákanna, þeir gætu þá velt bananum og skorið úr hver ætti að taka mig fyrstur! Ég gat hreinlega ekkert sagt....

Dagurinn sem ég hætti var dásamlegur, ég varð frjálst en síðustu orð þessa yfirmanns voru á þá leið að ég skyldi átta mig á að allt sem ég segði um vinnustaðinn myndi hann fréttast, ég skyldi því passa vel hvað ég segði úti í bæ. Í marga mánuði passaði ég að segja engum frá þessu en í dag hef ég engu að tapa, afhverju ætti ég að þegja þegar skömmin er yfirmannsins?

5. Þegar ég rúmlega tvítug tók sveinsprófið þá kom sonur annars prófdómarans til mín, eftirminnilegur því þeir bera sérstakt eftirnafn, og gaf mér tvo kosti. Fyrri var að sofa hjá honum og þá myndi ég ná prófin en seinni var að gera gera það ekki og þá myndi hann láta þessa sinn fella mig. Ég tók seinni kostinn, fór með verulega ýfðar fjaðrir í prófið en þabinn mældi mig upp og niður, sagði svo með fyrirleitningarsvip: „Hvað heldur þú eiginlega að þú sért?“

Skemmst frá því að segja að uppreisn mín varð alger, ég kláraði prófið með glæsibrag, rúmlega 30 mín fljótari en strákurinn sem var með mér í prófinu. Og fékk glæsilega einkunn í þokkabót.

6. Var á jólahlaðborði með vinnufélögum og mökum. Það var mjög gaman. Eftir matinn fórum við mörg á dansgólfið og dönsuðum svona öll saman í hring. Það var maður sem dansaði við hliðina á mér. (Hann vann á annarri deild en ég en samstarfið var mikið á milli okkar deilda. Tek það fram að

hann er giftur.) Þegar það var vel liðið á kvöldið, þá tekur hann allt í einu í upphandleggina á mér og spyr mig hvað ég sé að þæla. Ég skildi ekkert við hvað hann átti. Sagðist bara ætla að dansa hér til kl.01 og keyra svo heim og fara út að ganga með hundinn minn. Þá segist hann ekki meina það og spyr hvað ég vilji (orðin svolítið æstur). Ég ríf mig lausa og segist ekki skilja hvað hann sé að meina. Þá tekur hann um andlitið á mér og heldur mér fast og segir: „Ég veit ekki hverjum þú ætlar að sofa hjá í kvöld. Þegar þú gengur um gangana og dillar bossanum þá vilja allir í fyrirtækinu sofa hjá þér“. Ég sagðist ekki gera ráð fyrir að allir mínir samstarfsmenn hugsuðu svona og fyrir utan að helmingurinn af þeim gætu verið synir mínir. Það væri alla veganna alveg á hreinu að svona hugsaði ég ekki um mína samstarfsmenn. Þá sagði hann að hann væri að minnsta kosti alveg til í að fara heim með mér. Ég reif mig aftur lausa og sagði honum að nú væri hann búinn að eyðilegga fyrir mér kvöldið. Því ég ætlaði heim. Ég reyndi að láta sem ekkert væri þegar ég mætti í vinnuna en þegar okkur vantaði efni frá hans deild langaði mig ekki til að sækja það. Ég sagði samstarfsmanni mínum hvers kyns væri og hann fór og sótti það. En því miður þurfti hann að segja frá því af hverju ég vildi ekki sækja efnið. Þetta fannst mönnunum á hinni deildinni mjög fyndið. Mér fannst það mjög niðurlægjandi. Ég fór og talaði við framkvæmdastjórann sem er tók mér virkilega vel og bað um að fá að skoða þetta mál. En svo ákvað ég sjálf að fara og tala við þennann mann og skila skömminni. Hann bar við ölvun en baðst samt afsökunar. En samskiptin á milli okkar urðu aldrei eins. Hann virkaði frekar þurr. Og mér leið ekki vel með þá tilhugsun að menn væru að ræða sín á milli að langa til að sofa hjá mér.

7. Ég var oft að leysa af sem verkstjóri í minni deild. Eitt sinn kom maður inn til okkar. Þegar hann kemur inn þá segir hann: „Vó! bara komin flott kona hérna“. „Get ég fengið að tala við verkstjórann?“ Og ég segi: „Já, get ég aðstoðað“. Þá segir hann: „Nei, get ég fengið að tala við hinn“. Nei, því miður segi

ég og bíð honum aftur aðstoð. Hann var ekki mjög sáttur en málið leystist samt farsællega.

8. Það kom maður á verkstæðið hjá okkur. Þegar hann sér mig þá segir hann. „Hvað er þetta! Eruð þið bara komnir með konu. Ég hélt að það væri ekki hægt að kenna konu rafvirkjun.“